

Minnisblað

Málsnúmer:

Til: Bæjarráðs

Frá: SI / ÁVS

Dags.: 2. júní 2023

Efni: Fegrunaráttak í Fjallabyggð - Er allt í drasli?

Allt of víða í Fjallabyggð er að finna ýmiskonar tæki, tól og hluti sem stinga í stúf, eru ekki til augnayndis og eru lýti á sveitarfélaginu.

Bæjarstjóri og deildarstjóri tæknideildar leggja til að farið verði í öflugt sameiginlegt fegrunaráttak í Fjallabyggð undir heitinu „**Er allt í drasli?**“

Markmiðið er að hver og einn svari þessari spurningu fyrir sig og bregðist við. Íbúar, stofnanir og fyrirtæki verða hvött til að taka til í sínu nærumhverfi, fjarlægja hluti og muni ásamt því að snyrta lóðir og fasteignir. Átakið fellst m.a. í að hreinsa ýmiskonar úrgang og hluti sem geymdir eru utandyra s.s. gamla bíla, vélahluta, veiðarfærabúnað, dekk, plastkór og fleira sem eru lýti á umhverfinu. Einnig verði gert áttak í að fækka gámum sem staðsettir eru víða í sveitarfélaginu.

Heilbrigðiseftirlitið verður virkjað og farið í eftirlitsferð þar sem kortlögð verða svæði og fylgt eftir til með áskorun til eigenda, þar sem óæskilegir hlutir og munir eru staðsettir hvort heldur sem er á lóðum viðkomandi aðila eða á víðavangi.

Í góðri samvinnu íbúa, fyrirtækja og sveitarfélagsins getum við gert bæinn okkar mun snyrtilegri og þar með fallelgri.